



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

Langesbyggð

Akureyri, 23. september 2024
MÍ202409-0030/ 6.09 / S.G.

Skipulagslýsing vegna fyrirhugaðs verslunar- og þjónustusvæði að Skeggjastöðum í Bakkafirði

Óskað var umsagnar Minjastofnunar Íslands í gegnum Skipulagsgáttina vegna sameiginlegrar lýsingar fyrir aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulag fyrir fyrirhugað verslunar- og þjónustusvæði að Skeggjastöðum í Bakkafirði. Hægt var að hlaða niður skipulagslýsingu, dagsettri 26. ágúst 2024.

Skeggjastaðir eru staðsettir við vestanverðan Bakkafjörð á Langesi. Við Skeggjastaði hefur verið kirkjustaður frá upphafi kristni á Íslandi. Skeggjastaðakirkja er byggð árið 1845 og er elsta kirkja á Austurlandi. Skeggjastaðir eru staðsettir við Norðausturveg (85) og þaðan er gott útsýni út á Bakkafjörð. Fyrirhugað er að skilgreina heimildir í aðalskipulagi undir gistirekstur og aðra ferðaþjónustu og vinna deiliskipulag samhliða þar sem heimilt verður að reisa allt að 8 hýsi til útleigu ferðamanna.

Í 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 stendur að áður en deiliskipulag er afgreitt skuli skráning fornleifa, húsa og mannvirkja hafa farið fram á vettvangi. Skráning menningarminja liggur ekki fyrir innan þessa svæðis sem hér er verið að fjalla um. Aðeins hefur verið tekið sama yfirlit um ritaðar heimildir um fornleifar, sjá Guðrún Alda Gísladóttir. 2002 *Menningarminjar í Skeggjastaðahreppi: svæðisskráning*. Fornleifastofnun Íslands; FS175-02061

Fornleifaskráningu þarf að vinna innan deiliskipulagssvæðisins samkvæmt skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands. Engin hús eru á fyrirhuguðu skipulagssvæði og því þarf ekki að skrá hús og mannvirki innan þess.

Taka þarf tillit til minja ef þær finnast innan svæðisins við útfærslu skipulagsins auk þess sem fjalla þarf um þær og áhrif skipulagsins á þær í greinargerð/umhverfisskýrslu. Útlínur sýnilegra fornleifa skulu

færðar inn á skipulagsuppdrátt svo fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna, sem og punktar þar sem ekki sést til minja á yfirborði.

Deiliskipulagstillagan þarf svo að koma til umsagnar hjá Minjastofnun þegar skráning liggur fyrir. Í kjölfarið getur Minjastofnun tekið afstöðu til þess hvort menningarminjar séu í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Rétt er að vekja athygli á því að skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja telst ekki lokið á tilteknu svæði fyrr en skráin hefur hlotið staðfestingu Minjastofnunar Íslands skv. 15. gr. laga um menningarminjar auk þess sem sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna skv. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Virðingarfyllst,



Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra